

aðall

Leikkonan Unnur Ösp Stefánsdóttir er aðalskona vikunnar. Hún segir fyrstu ást sína hafa verið Michael Jackson. » 60



dómur

Geir Svansson segir Gaddavír, nýja skáldsögu Sigurjóns Magnússonar, vera látlausa, hefðbundna og vel skrifaða. » 60



af listum

Sjónvarpsþátturinn Innlit/Útlit er til umfjöllunar í pistlinum Af listum í dag. » 61



tónlist

Tónlistardagar Dómkirkjunnar standa nú yfir. Sjö ný íslensk lög verða frumflutt á tónleikum í kirkjunni annað kvöld. » 60



kvikmynd

Heimildarmyndin Vertu venjulegur (Act Normal) eftir Olaf de Fleur fær þrjár stjörnur hjá Sæbirni Valdimarssyni. » 63

Breytingar í bandarísku þjóðfélagi

List þriðja árþúsundsins í Bandaríkjunum sýnd í Listasafni Reykjavíkur

Uncertain States of America – Bandarísk list á þriðja árþúsundinu nefnist sýning amerískra samtímalistamanna sem opnar í Listasafni Reykjavíkur á laugardaginn. Á sýningunni eru verk eftir yfir fjörtíu listamenn sem teljast til þeirra fremstu í samtímalist í Bandaríkjunum í dag. Listamennirnir eru allir fæddir eftir 1970 og sýningin því rökrétt framhald af nýrri sýningastefnu í Hafnarhúsinu sem mörkuð var með Pakkhúsi Postulanna sem lauk nýlega.

Sýningin hefur ferðast víða um heiminn en hún var opnuð í Astrup Fearnley safninu í Osló haustið 2005 og hefur síðan þá verið sett upp í Bard safninu í New York, Serpentine Gallery í London, Frakklandi og Þýskalandi. Héðan fer hún síðan til Danmörku, Varsjá, Moskvu og Pekings.

Áhrifamiklir sýningarstjórar

Sýningarstjórar Uncertain States of America eru meðal þeirra áhrifamestu í hinum vestræna heimi í dag, þeir eru Gunnar Kvaran, Hans Ulrich Obrist og Daniel Birnbaum. Það tók þá tvö ár að velja verðuga fulltrúa á þessa sýningu sem sameinuðu í senn nýja strauma myndlistarinnar og framúrskarandi hæfni í miðlun hennar. Markmið sýningarstjórana með valinu var að kortleggja viðfangsefni ungra upp rennandi listamanna og á sama tíma að varpa ljósi á þær gríðarlegu breytingar sem bandarískt þjóðfélag hefur gengið í gegnum á undanförnum fimm árum.

Margir af listamönnunum eru þegar komnir á spjöld alþjóðlegra listatímarita en þess má geta að Flash Art valdi ellefu þeirra sem topp hundrað listamenn í heiminum í dag.

Málþing í Hafnarhúsi

Listamennirnir vinna með ýmsa miðla, það eru kvikmynda- og myndbandsverk, höggmyndir, gjörningadagskrá, sýningar á texta-tengdum verkum og bókverkum auk margs fleira enda ekki í raun um eina sýningu að ræða heldur margar einkasýningar. „Sýningin er fjölbreytileiki dulbúin sem heild," segir í sýningarskránni.

Uncertain States of America opnar á laugardagskvöldið, 4. nóvember, kl. 20 en málþing tengt sýningunni er á laugardeginum milli kl. 16 og 18 í Hafnarhúsinu. Þar verða umræður listamanna og aðstandenda sýningarinnar og íslenskra listamanna og fræðimanna sem tóku þátt í sýningunni Pakkhús Postulanna. Sýningarstjórarnir verða svo með umræður um tilurð og hugmyndafræði sýningarinnar.

Sýningin stendur til 21.janúar 2007.



Turn Á sýningunni kennir margra ólíkra grasa.

Markmið Að varpa ljósi á þær breytingar sem orðið hafa í bandarísku þjóðfélagi á undanförnum fimm árum.



Uncertain States of America Sýningin hefur ferðast víða um heiminn en hún var opnuð í Astrup Fearnley safninu í Osló haustið 2005.